



Reykjavíkurborg  
Félagsþjónustan

Alþingi  
Erindi nr. P 123/1049  
komudagur 22.2.'99

Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Björns Þorvaldssonar, nefndarritara  
Alþingi  
150 Reykjavík

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur borist tvö bréf frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 8. febrúar 1999. Í öðru bréfinu er óskað umsagnar um frumvarp til laga um ættleiðingar, 433. mál og í hinu umsögn um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. 354. mál

Vakin er athygli á að mjög skammur tími er gefinn til umsagnar eða aðeins vika, en þegar um jafnmikilvæg frumvörp sem þessi er að ræða verður að telja eðlilegt að gefinn sé lengri tími til umsagnar.

## 2. **Frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála**

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er meginilgangur frumvarpsins að styrkja réttarstöðu brotþola, þ.e. þeirra einstaklinga sem hafa verið þolendur afbrota eða misgert hefur verið við, auk nokkurra annarra breytinga á lögum um meðferð opinberra mála. Það sem snýr að okkur er einkum að styrkja réttarstöðu barna sem eru þolendur kynferðisafbrot.

Það sem hefur snúið að okkur er að á borð Barnaverndarnefndar Reykjavíkur hefur oft komið fram sú krafa að nefndin skipi barni talsmann sem hefur orðið t.d. fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þessu hefur nefndin hafnað og hefur Barnaverndarstofa staðfest þann skilning nefndarinnar. Í frumvarpinu er einmitt meginbreytingin fólgin í þessari réttarstöðu brotþola að tekin verði upp skylda til að tilnefna eða skipa brotþola réttargæslumann til að gæta hagsmuna hans í opinberu máli. Það er reyndar gengið lengra hvað varðar börn, yngri en 18 ára, ef grunur leikur á að þau hafi orðið fórnarlömb kynferðisbrota vegna þess að lagt er til að skylt verði að skipa þeim réttargæslumann undir öllum kringumstæðum. Þessar breytingar eru mjög til bóta og hefur greinilega verið þörf fyrir þessu úrræði, miðað við þær beiðnir sem borist hafa á borð Barnaverndarnefndar.


Án þess að allar breytingar verði raktar er lýst yfir ánægju með þær breytingar á réttarstöðu brotþola er koma fram í frumvarpinu og ef frumvarpið verður samþykkt verður um verulega réttarbót að ræða fyrir börn sem þolendur afbrota.

Lagt er til í frumvarpinu að nýr kafli komi í OML, þe. VII. kafli, Brotþoli og réttargæslumaður. 14. gr. frumvarpsins er með mikilvægustu nýmælum frumvarpsins er snýr að okkur. Telja verður að þetta sé mjög mikilvægt og bent jafnframt á að þessi réttur er til staðar í nágrannalöndum okkar. Til þessa hefur þessum rétti ekki verið til að dreifa, en þörfin verið fyrir hendi.

Hér á landi hefur verið vísir að þessu fyrirkomulagi hjá neyðarmóttöku vegna nauðgunar og einstaklingur hefur ákveðið að kæra, að honum er boðin aðstoð lögmanns til að gæta hagsmuna sinna. Sú spurning hefur einmitt vaknað hvort ekki væri eðlilegt að sami háttur sé hafður á þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða og hvort ekki sé í raun eðlilegt að börn sem þolendur kynferðisbrota fái almennt hliðstæða þjónustu og fórnarlömb nauðgunar. Líkt og á hinum Norðurlöndunum er hlutverk löglærðs talsmanns að aðstoða barnið á öllum stigum málsins og gæta hagsmuna þess í hvívetna, m.a. með því að setja fram bótakröfur.

Að auki eru ýmis önnur nýmæli, t.d. hvað varðar skýrslutöku og rannsókn á kynferðisbroti gegn barni ofl., sem eru öll mjög til bóta.

Með vísan til framanritaðs er lýst yfir ánægju með frumvarpið og það talin mikil réttarbót fyrir börn sem þolendur afbrota, en talið nauðsynlegt að hlutverk talsmanns verði nánar skilgreint annaðhvort í lögum eða reglugerð.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur  
  
Asta Sigrún Helgadóttir, lögfræðingur